



FLE fréttir

27. mars 2024

Fréttabréf Félags löggiltra endurskoðenda

Nr. 3 / 2024



Sæl öll,

Það hefur verið líf og fjör á skrifstofunni í mars. Við höldum tvö morgunkorn og var annað þeirra haldið á skrifstofunni sem er í fyrsta sinn sem við gerum það. Fundað var með álitsnefnd, námsstyrkja- og rannsóknarsjóði, nefndum og stjórn ásamt því að heimsækja auglýsingastofur og sérfræðinga í markaðsmálum til að aðstoða okkur við að laða fólk að í stéttina og auka sýnileika félagsins gagnvart félagsmönnum, nemendum og almenningi. Við funduðum með endurskoðendaráði, skattinum, ársreikningaskrá ofl. til að vinna að hagsmunagæslu félagsins. Loks má nefna að við kynntum störf endurskoðenda fyrir nemendum í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík og stefnum að því að heimsækja fljótlega fleiri háskóla landsins.

Þið eruð hvött til að fylgjast með heimasíðu félagsins sem við erum dugleg að uppfæra með fréttum og greinum. Við minnum ykkur sem fyrr á að allar hugmyndir að greinum og námskeiðum eða öðrum viðburðum eru vel þegnar. Við hvetjum ykkur líka til að fylgja okkur á samfélagsmiðlum og deila áfram auglýsingum um fréttir og viðburði. FLE er á Facebook, LinkedIn og Instagram og stefnir á að fara á TikTok.

Við óskum ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra páska.



Páskakveðjur,

Unnar og Sirrý

Heimsókn í Háskólann í Reykjavík

Félagið vinnur nú að því að fjölga fólki sem vill leggja fyrir sig endurskoðun í framtíðinni enda er nýliðun í stéttinni alls ekki nógu mikil. Fyrir í þessum mánuði fengum við á skrifstofunni þrjá reynda endurskoðendur til liðs við okkur, heimsóttum nemendur í grunnnámi í viðskiptafræði við Háskólann og kynntum fyrir þeim þau fjölbreyttu störf sem endurskoðendur fást við. [Nánari umfjöllun](#) um heimsóknina er á heimasíðu félagsins.

Álit um lagafrumvarp

Á heimasíðunni okkar er að finna ítarlega samantekt á [umsögn FLE við lagafrumvarp](#) sem varðar stærðarmörk félaga og endurskoðunarskyldu. Í samantektinni eru einnig tenglar í frumvarpið og aðrar umsagnir sem bárust við það.

Skipan prófnefndar

Í upphafi árs skipaði endurskoðendaráð [nýja prófnefnd](#) til næstu fjögurra ára. Tveir félagsmenn koma nýir inn í prófnefndina, þau Margret G. Flóvenz og Helgi Einar Karlsson en Jón Arnar Baldurs er sem fyrr formaður prófnefndar. Í frétt á heimasíðunni er hægt að fræðast nánar um prófnefndarfólkið. Endanleg dagsetning löggildingarprófa liggur ekki fyrir en þau munu verða haldin í október og verða prófhlutar tveir líkt og á undanförunum árum.

Félag kvenna í endurskoðun 20 ára

Félag kvenna í endurskoun var stofnað þann 23. nóvember 2004 og verður því 20 ára næsta vetur. Stjórn félagsins hefur hafið undirbúning að [afmælisviðburði](#) fyrir konurnar í félaginu og stefnan er að fara eina nótt á Hótel Geysi í Haukadal. Þar ætla þær að fá fyrirlesara til sín, fræðast um eitthvað spennandi, borða saman um kvöldið og hafa gaman. Að sjálfsögðu eru allar konur sem hafa hlotið löggildingu velkomnar og hvattar til þess að skrá sig á þennan skemmtilega viðburð.

Áritanir Ríkisendurskoðanda

Eins og fram kom í tölvupósti til félagsmanna FLE þann 19. mars þá áritaði ríkisendurskoðandi þann 26. febrúar síðastliðinn ársreikning Íslandspóstis ohf. fyrir árið 2023 með endurskoðunaráritun. Sama var uppi á teningnum þegar kom að ársreikningi Isavia ohf. Eins og við greindum félagsmönnum frá þá telur stjórn FLE þetta ekki í lagi og vinnur félagið að því að koma afstöðu sinni á framfæri til viðeigandi aðila og stofnana. Fjallað hefur verið um þetta mál í fjölmiðlum og [í frétt á heimasíðunni](#) má finna tengingar í fréttir Viðskipablaðsins og frétt mbl.is. Í grein í Morgunblaðinu staðfesti formaður endurskoðendaráðs að ráðið væri með málið til athugunar.

Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður FLE

Markmið [námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs FLE](#) er að styrkja bóklega menntun endurskoðenda með því að veita ýmist styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningsskilum eða með því að styrkja stofnanir sem standa fyrir slíku námi. Markmið sjóðsins er einnig að veita styrki til eflingar rannsókna á sviði reikningshalds og endurskoðunar í þeim tilgangi að efla faglega umræðu um endurskoðun og reikningshald, viðhalda og auka faglega þekkingu endurskoðenda eða styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni FLE eða lögbundið hlutverk félagsins. Opnað hefur verið fyrir umsóknir um styrki á heimasíðu félagsins.

Viðburðir fram undan

[Morgunkorn – Skýrleiki og skattframkvæmd](#)

Á morgunkorninu, sem haldið verður 18. apríl, mun Bjarnfreður Ólafsson, lögmaður og einn eigenda LOGOS, fjalla um gagnsæi og fyrirsjáanleika í skattframkvæmd. Velt verður upp spurningunni um það hvort skattalög eigi að vera skýr og skattframkvæmd hvort tveggja gagnsæ og fyrirsjáanleg. Farið verður yfir leiðbeiningar Skattsins og mörk leiðbeiningarskyldu, skýrleika laga, lögskýringar og lögskýringarsjónarmið og loks hvert sé raunverulegt hlutverk Skattsins í stjórnsýslunni. [SKRÁ MIG HÉR!](#)

[Aðrir viðburðir](#)

Verið er að skipuleggja fimm aðra viðburði sem haldnir verða í vor og snemmsumars:

- Námskeið um spillingu í viðskiptalífinu – í fyrstu viku maí
- Námskeið um kaupréttarsamninga – 23. maí
- Endurskoðunardagur og kveðjuhóf fyrir Sigurð fyrrverandi framkvæmdastjóra – 24. maí
- Námskeið í samningatækni – í fyrstu viku júní
- Nemaheimsókn vegna löggildingarprófa í haust – í lok maí

Nýlegar greinar á heimasíðu

Áhugaverðar greinar sem nýlega hafa verið birtar á heimasíðu félagsins sem við hvetjum félagsmenn til að lesa og deila áfram á samfélagsmiðlum.

[Gjafir og glens að mati ríkisskattstjóra](#)

[Flokkunarreglugerð ESB](#)

[Tvíbætt mikilvægismat](#)

[Sjálfbærniáætlun Evrópusambandsins \(ESRS\) í hnotskurn](#)

Liðnir viðburðir

[Morgunkorn – Mun ný tegund gervigreindar gjörbylta endurskoðun og bókhaldi?](#)

Tryggvi Freyr Elínarson, þróunarstjóri og sérfræðingur tæknilausna hjá Datera fjallaði um áhrif gervigreindar á endurskoðun, bókhald, fjársýslu og aðra anga innan okkar geira og Friðrik Einarsson endurskoðandi hjá KPMG kynnti nýlega rannsókn KPMG um áhrif gervigreindar á gerð fjárhagsupplýsinga, áskoranir við innleiðingu tækninnar og væntingar til endurskoðenda. Metaðsókn var að þessu morgunkorni og óvenjumargir sem ekki eru félagar í FLE. Þátttakendur voru mjög ánægðir og greinilega mikill áhugi á fræðslu um áhrif gervigreindar á störf endurskoðenda.

[Morgunkorn um löggildingarprófin](#)

Morgunkornið var fyrsta kornið sem haldið var hér á Suðurlandsbrautinni. Jón Arnar Baldurs, formaður prófnefndar, fjallaði um löggildingarprófin og fór yfir framkvæmd, þátttöku og niðurstöður í síðustu prófum. Í framhaldi voru svo umræður um fyrirkomulag prófanna og hvernig þau geti þróast sem og þróun náms fyrir þá sem stefna á löggildingu í endurskoðun. Mjög vel tókst til og miklar umræður sköpuðust. Þetta var notaleg stemming í heimastöð og félagið mun halda fleiri viðburði á skrifstofunni og vonandi getað boðið upp á streymi þaðan í framtíðinni.

[Skattadagur FLE](#)

Árlegur viðburður félagsins. Glærur má sjá [hér](#).

[Er ekki tími til kominn að tengja?](#)

Námskeið um tengda aðila og milliverðlagningu. Glærur má nálgast [hér](#).